

## Umsögn Akureyrarbæjar um drög að reglugerð um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Akureyrarbær tekur undir þá ábendingu Reykjavíkurborgar betra væri að fella skilgreiningar í 3. grein viðkomandi ákvæði reglugerðarinnar en að safna þeim í sérstaka grein. Slík uppsetning auðveldar lestur og tryggir betur samræmi í textanum.

Í 3. tl. 3. greinar er „eftirlit“ skilgreint sem „*söfnun og nýting upplýsinga, sem miðar meðal annars að því að fylgjast með að ekki sé brotið á réttindum fólks*“. Skilgreiningin er þröng og að mati undirritaðs óþörf þar sem um er að ræða alþekkt hugtak sem notað er í sinni venjubundnu mynd. Ósamræmis gætir auk þess á milli orðalagsins í reglugerðinni og reglugerðarheimildarinnar í 4. grein laganna um það til hvers eftirlitið nær. Samkvæmt lagatextanum er meginviðfangsefni eftirlitsins að fylgjast með því „að „*þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögunum sé í samræmi við markmið þeirra, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og skuldbindingar á sviði mannréttindamála*“. Í skilgreiningunni í reglugerðinni er aðeins vísað til réttinda fatlaðs fólks, þrátt fyrir að þau séu í þessu tilliti nefnt sem viðbót við meginviðfangsefnið í lagatextanum. Þessa gætir einnig í 2. grein, þ.e. sjónarhornið ætti fremur að vera á starfsemi og þjónustu sem veitt er, þótt tilgangurinn sé vissulega að tryggja að réttindi séu virt.

Í 4. tl. 3. greinar er skilgreining á hugtakinu eftirfylgni. Ljóst má vera að eftirfylgni mun aðallega felast í aðgerðum ráðuneytisins til að hvetja til eða knýja fram úrbætur þar sem þjónusta uppfyllir ekki lágmarkskröfur. Dæmið um eftirfylgni sem miðlun upplýsinga um það hvernig til hefur tekist er því ekki vel til þess fallið að bæta skilning á hugtakinu.

Í 5. tl. 3. greinar er talað um „*gæðaviðmið*“ sem „*viðmið sem kveða á um lágmarksþjónustuviðmið*“. Viðmið eru í eðli sínu leiðbeinandi og því er varla rétt að nota orðalagið „*kveða á um*“, sem felur í sér að um sé að ræða tilskipun. Tillaga að breyttu orðalagi: „*Viðmið til leiðbeiningar um útfærslu lagaákvæða, sem ætlað er að stuðla að samræmingu þjónustu, verklags, ferla og kerfa*“.

Í 4. grein stendur: „*Sveitarfélögum er skylt að láta ráðuneytinu í té þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna eftirlits*“. Bent er á að ganga þarf úr skugga um að lagaheimildir séu fyrir miðlun persónugreinanlegra upplýsinga á milli stofnana og tryggja að persónuverndarsjónarmið rekist ekki á við markmið um skilvirkt eftirlit og gagnaöflun.

Í 6. grein er fjallað um eftirlit með þjónustu. Bent er á að ráðuneytið, sem útgefandi starfsleyfis og þ.a.l. handhafi valds til afturköllunar þess, ber ríka eftirlitsskyldu gagnvart starfsleyfishafa. Sveitarfélag sem kaupir þjónustu af handhafa starfsleyfis getur jafnvel verið í erfiðri stöðu til að rifta samningum við þjónustuaðila á grundvelli vanefnda varðandi þætti sem varða skilyrði starfsleyfis, geti verksali vísað í gilt starfsleyfi, jafnvel þótt ráðuneytið hafi krafist og gefið frest til úrbóta. Möguleikar sveitarfélags til að hafa eftirlit með starfsemi þjónustuaðila og krefjast úrbóta á grundvelli einkaréttarlegs samnings um þjónustu eru því mun veikari en úrræði ráðuneytisins og geta ekki komið í stað þeirra. Sveitarfélög ættu að geta treyst því að gilt starfsleyfi sé opinber vottun á gæði þeirrar þjónustu sem starfsleyfishafi býður upp á.

Í 8. grein er kveðið á um miðlun niðurstaðna úttekta og eftirlits til viðkomandi sveitarfélags innan fjögurra vikna frá lokum gagnaöflunar. Æskilegt væri að sveitarfélag fengi upplýsingar um mögulega vankanta á þjónustu við íbúa þess, sem hugsanlega geta varðað við lög, starfsleyfisskilyrði og samninga um þjónustu, um leið og grunur um slíkt kemur upp svo sveitarfélagið geti gert ráðstafanir til að tryggja að sú þjónusta sem veitt er á þess vegum standist þær kröfur sem gerðar eru.

F.h. Akureyrarbæjar  
Jón Hrói Finnsson  
Sviðsstjóri búsetusviðs